

LÖG

um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Til grundvallar stigaútreikningi skal fyrir hvert almanaksár til ársloka 1984 reikna árslaun miðað við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Frá 1. janúar 1985 skulu grundvallarlaun vera 14 100 kr. á mánuði miðað við þáverandi kauplag. Sjóðsstjórn ákveður, að fenginni umsögn Kjara-
rannsóknarnefndar, breytingar á grundvallarlaunum þessum í samræmi við breytingar á launum verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á vinnutekjum sjómanna almennt skal hann, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.

2. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

3. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna (sbr. lög nr. 48/1981) orðist svo:

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir 65 ára aldur. Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til töku ellilífeyris frá 60, 61 eða 62 ára aldri samkvæmt 3. mgr. 12. gr. hækkar upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 60, 61 eða 62 ára aldurs, um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir þann aldur er réttur til töku ellilífeyris stofnast.

4. gr.

5. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 65 ára aldri og síðan aftur við 70 og 75 ára aldur, en reikna skal með sama meðaltali launa, sbr. 2. mgr., og gert var við fyrri úrskurð.

5. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

6. gr.

2. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu áunnin stig geymd nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 18. gr. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu en miðast einungis við áunnin geymd stig.

7. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða (sbr. lög nr. 48/1981) orðist svo:

Árin 1980—1989 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum miðast við grundvallarlaun samkvæmt 2. mgr. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980, 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember hvert ár 1981—1984, en í byrjun hvers mánaðar árin 1985—1989.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.